

Miðvikudaginn 19. júní 1957.

Nr. 3/1957.

**Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arn-
brúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfss
Guðmundssonar** (Egill Sigurjónsson hrl.)

gegn

Kristjáni Bjarnasyni

og gagnsök (Sigurður Ólason hrl.)

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jón-
atan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Um öflun skýrslna og gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla gagna um atriði þau, er hér greinir:

1. Rétt er, að dómkvaddur kunnáttumaður geri nákvæman uppdrátt af landi Hvolsjarða samkvæmt landamerkjaskrá. Skal þar greina, eftir því sem við verður komið, örnefni þau, sem landamerkin eru miðuð við, eða stefnur til þeirra. Enn fremur skal marka á uppdrátt þenna land það, sem skipt var með yfirlandskiptagerð 10. maí 1952, skiptingu þess milli aðilja og stærð einstakra landspildna.

2. Leiða skal í ljós fyrir dómi, hvort nokkur ágreiningur er um landamerki milli Hvolsjarða og aðliggjandi jarða. Ef svo er, skal greina aðilja þá, sem að ágreiningnum standa, og í hverju hann er fólgin. Skal þá og marka þrætulandið á uppdráttinn.

3. Eftir að framangreindur uppdráttur hefur verið gerður, er rétt að kveðja yfirlandsskiptamenn fyrir dóm og bera undir þá, hvort þeir telji landskipti þeirra þar rétt mörkuð. Þeir skulu og inntir eftir rökum fyrir krossskiptingu þeirri á landinu, sem um ræðir í héraðsdómi. Einnig skulu þeir spurðir um, sbr. 13. gr. landskiptalaga nr. 46/1941, hvar þeir telji landi Hvolsjarða hættast við spjöllum af sandfoki og ágangi af ánni Klifandi og að hverju leyti þeir hafi tekið tillit til þess við skiptingu landsins.

4. Loks skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem framan- greind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 19. júní 1957.

Nr. 81/1957. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

**Egon Hornshøj Hansen og Bent Østergaard
Jørgensen** (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jón- atan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bif- reiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er talið, að bifreiðin G 226 hafi staðið við húsið Ásvallagötu 5A í Reykjavík, er ákærðu tóku hana til ófrjálsra afnota. En samkvæmt gögnum málsins stóð hún við húsið nr. 5A við Sólvallagötu, eins og í héraðsdómi grein- ir. Er þó rétt að dæma ákærðu áfall vegna nefnds atferlis þeirra, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Háttsemi ákærðu er af héraðsdómara færð til réttra refs- íkvæða.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðs- dóms um frádrátt gæzluvarðhaldstima hans. Rétt er að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini bifreiðar- stjóra.

Refsing ákærða Bents Østergaards Jørgensens er hæfilega ákveðin í héraðsdómi varðhald 45 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstima hans. Með hlið-